

**Ed.**

**94. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921. [Friðun rjúpnna].

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að nauðsyn beri til að framiengja nokkuð friðunartíma rjúpnanna frá því, sem lögin nú ákveða. En telur að tveggja ára framlenging muni reynast nægileg í stað þriggja, sem farið er fram á í frumvarpinu.

Hins vegar álitur nefndin rjettara, úr því hreyft er við lögnum á annað borð, að þá verði rjúpunar látnar njóta þess, að því leyti, að tímabilið, sem í framtíðinni er ætlast til, að líði á milli hins fastákveðna friðunarárs, verði stýtt að þriðjungi.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

#### BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Í stað »1927« komi: 1926.
2. - — »7. hvert ár« komi: 5. hvert ár.

Alþingi, 10. mars 1924.

Eggert Pálsson,  
form. og framsögum.

Hjörtur Snorrason,  
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson.